

Birgir Jónsson
83/02



ORKUSTOFNUN

NATIONAL ENERGY AUTHORITY

GREINARGERÐ

ÍPRÓTTALEIKVANGUR REYKJAVÍKUR
LAUGARDAL (HALLARFLÖT)
COBRABORUN

Birgir Jónsson, Gísli Guðmundsson

BJ, GiGu - 83/02 Desember 1983



ORKUSTOFNUN

Grensásvegí 9, 108 Reykjavík

GREINARGERÐ

ÍPRÓTTALEIKVANGUR REYKJAVÍKUR
LAUGARDAL (HALLARFLÖT)
COBRABORUN

Birgir Jónsson, Gísli Guðmundsson

BJ, GiGu - 83/02 Desember 1983

Dagana 27 og 28 okt. síðastliðna boruðu starfsmenn Vatnsorkudeildar Orkustofnunar 13 Cobrahólur á svonefndri "Hallarflöt" norðan við Íþróttahöllina í Laugardal, en þar stendur til að setja niður gervigras. Umsjón með verkinu fyrir hönd Reykjavíkurborgar hafði Karl Gunnarsson verkfræðingur á Verkfræðistofu Stanley's Pálssonar. Umsjón með verkinu f.h. Vatnsorkudeildar hafði Birgir Jónsson, en borunina framkvæmdu að mestu Pétur Ásbjörnsson rannsóknarmaður og Gísli Guðmundsson jarðfræðingur.

Á Hallarflötina hafði nýlega verið sett 60-70 cm þykk fylling úr losuðu bólstrabergi ofan á um 30 cm þykka rauðamalarfyllingu og var borað gegnum þessar fyllingar og lausu lögin neðan þeirra, niður á "fast".

Jarðlög undir fyllingunum eru annars vegar mómýri og hins vegar hálfсанlímt set ("móhella") sem er út gráun fínsandi og sylti (nýrði fyrir silt, sjá síðasta FVFÍ). Set þetta er myndað í sjó í lok síðasta jökulskeiðs fyrir ca. 10. þús árum. Hafa fundist skeljar í svona seti niður við Sundlaugaveg og er sennilega um sama jarðlag að ræða (Þorleifur Einarsson munnl. uppl.).

Setlag þetta virðist ekki vera til staðar undir mómýrinni á SV-hluta vallarins (sbr. gryfjur sem VST lét grafa), en setið er a.m.k. 6 m þykkt undir NA-hluta vallarins. Þar var á einum stað borað niður í 11 m dýpi (hola 3-0), en í nálægum holum var borun hætt er komið var niður á setið t.d. holur 3A og 2A.

Mómýrin er þynnst í SV-horninu, þar sem hún er < 1.5 m en nær um 5 m þykkt við norðurjaðar vallarins. Var okkur tjáð að sig undan bólstrabergsfyllingunni hefði málst nokkru meira í norður hluta vallarins en SV-hlutanum. Að öllum líkindum er sigið svo til allt í mýrarjarúveginum. Því er eðlilegt að sigið sé mest þar sem mómýrin er þykkust, þ.e. í norður hlutanum (sjá myndir 1 og 2 og töflu 1). "Móhellan" er það vel sanlínd, að sennilega er lítið sig í henni undan bólstrabergsfyllingunni.

Við 3C voru boraðar 2 holur. Í þeirri fyrri varð fyrirstaða á 1.9 m dýpi (sennilega grjóti), sem borinn komst ekki gegnum. Síðari hola (3-CI) varð 6 m djúp. Hugsanlegt er að borinn hafi stoppað á grjóti í einhverjum af grunnu holunum á SV hluta vallarins, þó er ekkert sem bendir sérstaklega til þess.

Gert er ráð fyrir að aðalstúka vallarins verði norðan við flötina (sbr. teikningu 82.096 - 02 frá VST). Út frá þeirri jarðvegskönnun sem liggur fyrir yrðu undirstöður undir stúkuna mun ódýrari ef hún væri sunnan við flötina, þ.e. Hallarmeginn, þar sem þar er langgrynnst á fast. Mýrin er þar 2-3 m á þykkt og "fast" undir mýrinni (sjá mynd 1), en norðan vallarins er meira en 5 m þykk mýri og þar undir a.m.k. 6 m þykkur hálfсанlindur finsandur, sem athuga þyrfti með tilliti til mögulegs missigs ef reisa á steinsteypt mannvirki þar ofan á.

Tafla 1 Cobrahödur

Hola	Dýpi (m)	Áætluð þykkt á mýri* (m)	ath. við botn borholu
1-A	3.9	ca. 3	FAST
2-A	5.2	- 4	HETT
3-A	6.4	- 4.5	HETT
1-B	3.1	- 2.3	FAST
2-B	5.2	- 4	HETT
3-B	5.8	- 4.5	STOPP
1-C	2.4	- 1.2	FAST
2-C	3.7	- 2.6	STOPP
3-C(I)	6.0	- 5	STOPP
1-D	2.4	- 1.2	FAST
2-D	3.4	- 2.4	FAST
3-D	6.4	- 5	HETT
3-O	11.2	- 4.5	HETT

* Fyrir jarðvegsskipti

Cobrahödur

Skilgreining á athugasemdum;


H=HETT: Borinn hreyfist en gengur það hægt, að hann fer yfir sett tímamörk (60 sek/20 cm). Engin ákveðin fyrirstaða. Fastur botn getur verið neðar.

S=STOPP: Borinn hefur nánast stöðvast. Fyrirstaða er þó ekki mjög afmörkuð og greinileg. Borinn heggur ekki eins og þegar hann stöðvast á klöpp eða viðlíka.

F=FAST: Borinn stöðvast. Mjög ákveðin fyrirstaða. Borinn heggur og glamrar. Stöðvast gjarnan snögglega, þarf ekki að þýða að komið sé niður á klöpp (gæti t.d. verið stór basaltnullungur).

Skýringar:

- Hatt } Cobraholar
 - ⊗ Stopp } Sjá skýringar við töflu 1.
 - Fast }
- M 3 m Mýri, ca. þykkt í m
- Mca. 3m Mýri, jafn þykktarlína
- Grjót } Gryfjur
 - ⊠ Hart (grjót?) }
 - ▨ Tekið að harðna }
- G-3
- ↑ ↑ Þversnið á mynd 2
- 3



A.m.k. 6m þykkur hálf-samliðdur finsandur er undir - mömýrinni á NA-hluta vallarins.


Staðsetning hola er ekki nákvæm

Laugardalshöll Reykjavíkurborg - Laugardalur

ORKUSTOFNUN
 ÍDRÓTTALEIKVANGUR REYKJAVÍKUR
 VÖLLUR 3 HALLAREFLÖT
 COBRABORUN AFSTÖÐUMYND

MYND 1
 BJ/-


ÞVERSNID 3
3D




3C1




3B



3A




30




G-2
Mýri 3.5m
Hart?

G-4
Mýri 4m
Finsandur


ÞVERSNID 2
2D




2C



2B




2A




G-1
Mýri 1.6m
Grjót

G-3
Mýri 4m
Finsandur


ÞVERSNID 1
1D




1C



1B



1A
















Mynd 2
Þversnið jarðlaga

REYKJAVÍKURBORG
ÍBRÓTTALEIKVANGUR RVK.
VÖLLUR 3

Staðsetningar á Mynd 1

VOD-MJ-806 GiGu
83.11.1554
LAUGARDALUR HALLARFLÓT
COBRABORUN



Mynd 3
 REYKJAVÍKURBORG
 ÍDRÓTTALEIKVANGUR RVK
 VÖLLUR 3

☐ VOD-MJ-806 GiGu
 83.11.1554

LAUGARDALUR HALLARFLÓT
 COBRABORUN